

PFAFF

selectline

Valið og saumað !



IDTA™

Leiðarvísir

Langar þig að sauma?

Select vélin er tilbúin !

Leyfðu okkar að kynna þér select vélarnar!

Select er rétta valið fyrir þá sem eru að leita að alhliða saumavél. Nýttiskulegt útlit, hentugir valkostir og mjög auðveld í notkun - Það er select frá Pfaff.

Hvað langar þig að sauma ?

Eigin tískuhugmyndir ? Skrautmuni fyrir heimilið ? Eða þarftu e.t.v. bara að stytta buxur ? Select vélin þín er tilbúin !

Kynntu þér select vélina.

Byrjaðu á því að lesa leiðarvísinn, þá fer þig fyrst að langa til að byrja að sauma.




Sum efni innihalda mikið magn af litarefnum sem geta litað út frá sér og jafnvel litað út frá sér á vélina sjálfa. Það getur verið mjög erfitt og jafnvel ómögulegt að ná þessum litarefnum af vélinni..

Flís og gallabuxnaefni og sérstaklega þau sem eru rauð og blá innihalda oft mikið aukalegt magn af litarefnum.

Ef þig grunar að efnið eða flikin sem þú ert að eiga við innihaldi mikið magn litarefna, þá ráðleggjum við þér eindregið að þvo efnið eða flikina áður en þú ferð að sauma, til að koma í veg fyrir að þau liti út frá sér.

Hlutir vélarinnar



- 1 Tengill
- 2 "fótmótstaða m/snúru"
- 3 Aðalrofi
- 4 Lausagangsskrúfa
- 5 Handhjól
- 6 Spólari
- 7 Lok með mynd af saumum
- 8 Auka keflispinni
- 9 Keflispinni með skífu
- 10 Þráðgjafi
- 11 Tvinnaspenna fyrir yfirtvinna
- 12 Þræðirauður
- 13 Tvinnahnífur
- 14 Þræðari fyrir nál (1548)
- 15 Fóthalda með saumfæti
- 16 Hólf fyrir aukahluti
- 17 Botnplata
- 18 Innbyggður efri flytjari (1548/1538)
- 19 Nálarhalda með festiskrúfu
- 20 Fótlyftir
- 21 Takki fyrir "afturábaksaum"
- 22 Stillir fyrir sporlengd
- 23 Stillir fyrir val á saum
- 24 Handfang
- 25 Tvinnastýring
- 26 Pera (hám. 15 wött)
- 27 Stillir fyrir sporbreidd
- 28 Stillir fyrir nálarstöðu
- 29 Stingplata

Saumfætur (sem fylgja vélinni)

Þið getið fengið nánari upplýsingar um aukahluti hjá PFAFF umboðsaðilanum.

0 Venjulegur saumfótur einnig fyrir efri flytjara

820250-096 (sjá mynd)
(select 1548 og 1538)

820258-096
(select 1528)

1 Útsaumsfótur einnig fyrir efri flytjara

820253-096(select 1548)

1 Glær fótur

(ekki fyrir efri flytjara)

820229-096

3 Blindsaums/Overlock fótur fyrir efri flytjara

820256-096 (sjá mynd)
(select 1548 og 1538)

820264-096
(select 1528)

4 Rennilásafótur fyrir efri flytjara

820248-096 (sjá mynd)
(select 1548 og 1538)

820261-096
(select 1528)

5 Hnappagatafótur

820295-096

6 Stoppfótur


820243-096
(select 1548)

7 Faldfótur, 3 mm

820249-096
(select 1548)

8 Jaðarstýring/Bútasaumsstýring

820251-096



1 Filtskífa

93-033 064-05

2-4 Skífur á keflispinna

2. 93-036 048-44

3. 93-035 050-44

4. 93-036 049-44

5 Auka keflispinni

93-033 063-44

6 Sprettihnífur

99-053-016-91

7 Bursti

93-847 979-91

8 Spólur

93-040 970-45

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28.

Rafmagnstenging

Rafmagnsspennan verður að vera sú sama og gefin er upp á kennispjaldinu.

Öryggisatriði

- Notið vélina aldrei sem leikfang. Ef vélin er notuð af börnum eða nálægt börnum, þá verður ávallt að fylgjast vel með.
- Skiljið saumavélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn.
- Takið saumavélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar hætt er að nota hana, og eins þegar verið er að hreinsa hana.
- Slökkvið ávallt á vélinni ("0") þegar unnið er nálægt nálarvæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipt er um nál, saumfót eða spólan sett í o.s.frv.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslurnar eða klærnar á þeim eru skemmdar.
- Gætið þess að finger verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að finger verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísir vélarinnar og notið eingöngu fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar.
- Takið vélina ávallt úr sambandi þegar skipta þarf um peru í vélinni. Notið ávallt samskonar gerð af peru og var í vélinni, (volt og wött).



Vinsamlegast athugið að þegar þessu tæki verður fargað verður að gera það á öruggan hátt og í samræmi við þær reglugerðir og lög sem gilda um förgun á rafmagns og rafeindatækjum í því landi sem förgun á sér stað.

Innihald

Inngangur

Tafla yfir sauma	V
------------------	---

1. Vélin tekin í notkun






Tengd við rafmagn	1:2
Hólf fyrir fylgihluti	1:3
Spólur	1:4
Spóluhús	1:8
Þræðing á nál	1:10
Þræðari fyrir nál	1:11
Undirtvinna náð upp	1:12
Fótlyfta	1:13
Tvinnahnífur	1:12
Skipt um saumfót	1:13
Innbyggði efri flytjarinn	1:14
Skipt um nál	1:15
Yfirtvinnaspenna	1:15
Flytjarinn tekinn úr sambandi	1:15
Stillir fyrir sporbreidd	1:16
Stillir fyrir nálarstöðu	1:16
Afturábaksaumur	1:17
Stillir fyrir sporlengd	1:17
Val á saumum	1:18

2. Nytjasaumar - og algengir saumar

Tafla yfir sauma	2:2
Almennt um sauma	2:3
Venjulegir saumar	2:4
Teygjanlegir saumar	2:6
Overlock saumar	2:7
Skeljasaumar	2:8
Hnappagöt	2:9
Töluáfesting	2:10
Faldur með tvíburanál	2:11
Fríhendis saumar	2:12
Rennilásar	2:13
Frágangur á jöðrum	2:15

3. Umhirða og gangtruflanir

Skipt um stingplötu	3:2
Hreinsun	3:2
Skipt um peru	3:3
Gangtruflanir og ráð við þeim	3:4



Tafla yfir sauma

Saumar sem ekki teygjast

Tafla yfir sauma (fyrir efni sem teygjast ekki)				
Saumur	1538	1528	Saumfótur	Notist við
	A/B/C	A/B/C	5	Venjulegt hnappagat fyrir blússur og sængurfatnað
	D	D	0/3	Blindföldunarspor - sérstaklega fyrir teygjanleg efni.
	E	E	0/1	Hefðbundinn skrautssumur t.d. fyrir bekkir á handklæði og afþurrkunarklúta.
	F	F	0/1	Hefðbundinn skrautsaumur -
	G	G	0/1	Fyrir alla beina sauma og stungusauma allt að 6 mm Fyrir kastauma og applíkeringar. Hentar einnig fyrir mjókkandi og breikkandi sauma, kóssa, útsauma og snúrusauma.
			0/1	Beinn saumur: Fyrir alls konar sauma og stungusauma, þar sem betra er að hafa nálina vinstra megin í fætinum. Zik zak: Fyrir kastauma, applíkeringar og mjókkandi eða breikkandi sauma.
			0/1	Beinn saumur: Fyrir flest alla sauma og jaðarstungur. Zik zak: Fyrir flesta zik zak sauma.
			0/1	Beinn saumur: Fyrir alls konar sauma og sungusauma þar sem betra er að hafa nálina hægra megin í fætinum. Zigzag: Fyrir kastauma, applíkeringar og mjókkandi og breikkandi sauma, og snúrusauma.
	H	H	0/3	Fyrir ósýnilega blindfalda á ofin efni.
	I	I	0/1	Hefðbundinn skrautsaumur.
	K	K	0/3	Fyrir flata sauma á mislögð efni.
	L	L	0/1	Fyrir kastauma, sauma á teygjur , gera við rifur eða setja á bætur.
	M	M	0/1	Fyrir kastauma, sauma á teygjur, gera við rifur eða setja á bætur.

Tafla yfir sauma (teygjast ekki)				
Saumur 1548		1538 1528	Saumfó- tur	Notist við
	IG	-	0/1	Hefðbundinn skrautsaumur
	LC	-	0/1	Fíngerður skrautsaumur
	LG	-	0/1	Fíngerður skrautsaumur
	LI	LI	0/1	Hefðbundinn skrautsaumur
	MDF	-	0/1	Hefðbundinn skratusaumur

Tafla yfir sauma

Teygjanlegir saumur

Tafla yfir sauma (teygjanlegi saumar)				
Saumur		1538	Saumfótur	Notist við
1548	1528			
	D	D	0/1	Teygjanlegur lok og kastsaumur. Efninu er snúið um 180 gráur.
	E	E	0/1	Fyrir stungusauma á teygjanleg efni t.d. líningar, falda o.s.frv.
	F	F	0/1	Skrautlegur stungusaumur eða varpsaumur á földum t.d. á náttfatnað og íþróttfatnað.
	G	G	0/1	Fyrir teygjanlega sauma og sauma á íþróttfatnað og vinnufatnað. Til að sauma teygjur á teygjanleg efni, eða sauma á teygjanleg efni.
			0/1	Fyrir teygjanlega sauma þar sem betra er að nálarstaðan sé vinstra megin
			0/1	Fyrir teygjanlega sauma þar sem betra er að nálarstaðan sé í miðjunni.
			0/1	Hefðbundinn skrautsaumur t.d. fyrir handklæði
	H	H	0/1	Teygjanlegur lok og faldsaumur fyrir jersey efni. Efninu er snúið um 180 gráður
	I	I	0/3	Lok og faldsaumur fyrir efni sem rakna mikið.
	K	K	0/3	Lok og faldsaumur fyrir stöðug efni sem rakna ekki mikið
	L	L	0/1	Til að sauma saman tvo fasta jaðra með bili á milli þeirra þ.e.a.s. faldsauma og einnig fyrir "crazy" bútautum
	M	M	0/1	Til að sauma yfir teygjanlegar snúrur, loksauma á frotté
	IG	-	0/1	Skrautsaumur sem einnig má nota sem loksauum.
	KM	KM	0/1	Frjálslegur skrautsaumur

Tafla yfir sauma (teygjanlegir saumar)				
Saumur		1538 1528	Saumfótur	Notist við
	LC	-	0/1	Skrautsaumur fyrir alls konar efni
	LD	-	0/1	Skrautsaumur fyrir alls konar efni
	LG	-	0/1	Skrautsaumur fyrir hefðbundinn útsaum
	LI	LI	0/1	Skrautsaumur t.d. fyrir fylgihluti á baðherbergjum
	EK	-	0/1	Skrautsaumur fyrir alls konar efni
	EL	-	0/1	Fyrir jaðarstungur og stungusauma á teygjanleg efni t.d. líningar, falda o.fl.
	FG	FG	0/1	Stungusaumur fyrir bútasaum
	ID	-	0/1	Skrautsaumur t.d. fyrir íþróttafatnað
	IF	-	0/1	Teygjanlegur skrautsaumur. Fyrir varpsauma á földum t.d. á náttföt og íþróttafatnað . Snúa þarf efninu um 180 gráður
	LK	LK	0/1	Teygjanlegur skrautsaumur
	LMK	LMK	0/1	Teygjanlegur skrautaumur
	MG	-	0/1	Teygjanlegur skrautsaumur

A close-up photograph of a white Pfaff sewing machine. The machine is positioned on the right side of the frame, with its needle and foot visible. A vibrant red, shimmering fabric is draped across the left and center of the image, partially under the machine's foot. The Pfaff logo is clearly visible on a blue label on the machine's body. A semi-transparent white rounded rectangle is overlaid on the machine, containing the text '1. Unnið á Pfaff select'.

PFAFF

1. Unnið á Pfaff select

Lokið yfir vélina

Setjið rafmagnssnúruna, mótstöðuna og leiðarvísinn í geymsluhólfið á lokinu.



Lok

Opnið fellilokið (6) upp á við. Innan á fellilokinu eru myndir af saumum vélarinnar.



Mótstaðan tengd

Tengið mótstöðuna við tengil (1) á vélinni og síðan við vegg tengil fyrir rafmagn. Því fastar sem stigið er á mótstöðuna, þeim mun hraðar saumar vélín.

Þið getið takmarkað hraðann með því að færa sledann á hlið mótstöðunnar til.

Staða ► = hálfur hraði

Staða ►► = fullur hraði

AE023 - 120V, USA og Kanada

AE020 - 230V, Evrópa

AE024 - 240V, Ástralía

Aðalrofi

Þegar kveikt er á vélinni með aðalrofanum (2) þá kviknar á ljósi vélarinnar. Vélín er nú tilbúin til notkunar.






Hólf fyrir fylgihluti

Á Pfaff select er hólf fyrir fylgihluti (15) og er hægt að taka það af vélinni en einnig er hægt að nota það sem stærra vinnuborð.

Auk þess er vél 1548 með aukahólf þar sem hólfín eru númeruð og því auðvelt að setja hvern hlut á sinn stað.



Vinnuborðið tekið af - fríarmur

Til að hægt sé að nota fríarminn verður að fjarlægja vinnuborðið. Snúið vinnuborðinu til vinstri og lyftið því síðan upp á við.

Athugið að þegar það er sett aftur á vélina á ný verður það að vera slétt við fríarminn.

Vélin undirbúin fyrir spólun

Haldið fast um handhjólið (4) og snúið lausagangsskrúfunni (3) eins og örin sýnir þar til hún stöðvast. Nú er hægt að spóla á spóluna án þess að vélin sjálf sé í gangi og nálin gangi upp og niður.



Spólan sett á spólarann



Slökkvið á vélinni.


Setjið tóma spólu þannig á spólarann að svarti titturinn á spólaranum falli í rauf spólunnar. Pfaff nafnið á að snúa upp.



Prýstið spólunni til hægri

Ath: Aðeins er hægt að spóla á spóluna að henni sé ýtt til hægri.





Spólað frá keflishöldunni

Setjið tvinnakefli á keflishölduna. Setjið síðan annaðhvort litlu eða stóru skífuna fyrir framan keflið.

Þræðing fyrir spólun


Leggið tvinnann í stýringu A og síðan í gat B og þaðan hægra megin í krók C. Snúið tvinnanum síðan nokkrum sinnum réttisælis utan um spóluna.

Kveikið á vélinni

Haldið lauslega um tvinnaendann og stigið á mótstöðuna. Um leið og spólan er orðin full slekkur spólarinn sjálfkrafa á sér. Ýtið spólaranum til vinstri, klippið tvinnann og takið spóluna af.

Gleymið ekki

Herðið aftur á lausagangsskrúfunni (3) og haldið um leið við handhjólið.



Spólað af aukakeflispinnanum

Stingið aukakeflispinnanum (7) í gatið ofan á vélinni og setjið síðan tvinnakefli og skífu á hann.

Þræðing

Þræðið eins og sýnt var á bls. 15.

Kveikið á vélinni.



Haldið lauslega um tvinnnaendann og stígið á mótstöðuna. Um leið og spólan er orðin full slekkur spólarinn sjálfkrafa á sér. Ýtið spólaranum til vinstri, klippið tvinnann og takið spóluna af.

Gleymið ekki

Herðið aftur á lausagangsskrúfunni (3) og haldið um leið við handhjólið..

RÁÐ: Ef vélin er þegar þrædd, getið þið auðveldlega spólað á spóluna af aukakeflispinnanum án þess að afþræða vélina.





Spólað í gegn um nálina

Ef vélin er fullþrædd og þið ætlið að nota sama tvinnna á spóluna, getið þið spólað á spóluna án þess að afþræða vélina.

Lyftið saumfætinum með fótlyftinum (19). Leggið tvinnann undir saumfótinn til hægri og síðan upp hægri þræðiraufina (11).

Leggið tvinnann síðan í raufina á þráðgjafanum frá vinstri til hægri (9). Athugið að þráðgjafinn verður að vera í efstu stöðu..

Leggið tvinnann síðan til hægri undir krók C. Súið tvinnanum síðan réttsælis nokkrum sinnum utan um spóluna, stigið síðan á mótsstöðuna og spólið.

Gleymið ekki:

Herðið aftur á lausagangsskrúfunni (3) og haldið um leið við handhjólið..

Lokið yfir gríparanum



Slökkvið á vélinni.


Takið um lokið vinstra megin og opnið það niður á við..




Spóluhúsið tekið úr gríparanum

Takið í lokuna á spóluhúsinu og takið spóluhúsið úr gríparanum.



Sleppið lokunni og þá dettur spólan úr því.






Spólan sett í spóluhúsið

Setjið fulla spóluna þannig í spóluhúsið að Pfaff nafnið á henni snúi að spóluhúsinu. Um leið og þið gerið það, rennið þið tvinnanum í rauðina (A) á spóluhúsinu og síðan undir fjöðrina (B), þar til hann hefur krækst undir fjöðrina (sjá ör).



Athugið: Að þegar togað er í tvinnann á spólan að snúast réttisælis.




Spóluhúsið sett í gríparann

Haldið um loku E og setjið spóluhúsið á titt C.

Úrtakið á spóluhúsinu verður að vísa beint upp á við.

Togið snöggt í tvinnnaendann. Spóluhúsið má þá ekki detta úr gríparanum.



Yfirtvinninn þræddur



Slökkvið á vélinni



Setjið fótlyfti (19) í efstu stöðu og snúið handhjólinu þar til nálin og þráðgjafinn eru í efstu stöðu. Setjið tvinnakeflið síðan á keflishölduna og viðeigandi skífu fyrir fram keflið.


Notið nú báðar hendur; smeygið tvinnanum í stýringu A og þaðan undir krók B. Þræðið tvinnann síðan eins og örvarnar sýna - niður vinstri raufina C - undir D og upp hægri raufina E og upp að þráðgjafanum F.

Nú er tvinninn lagður frá vinstri til hægri í þráðgjafann og síðan aftur niður hægri raufina G og þaðan í aðra hvora stýringuna H.

Nálin er síðan þrædd framan frá.

Þræðing á nál með nálarþræðaranum er lýst á næstu blaðsíðu.






Innbyggði þræðarinn (Vél 1548)

Þræðarinn auðveldar þræðingu nálarinnar. Setjið saumfótinn niður og nálina og þráðgjafann í efstu stöðu. Ýtið þræðaranum (13). alveg niður og snúið honum þannig að krókurinn á honum fari í gegnum nálaraugað. Leggið yfirtvinnann síðan undir krók A og síðan undir krókinna á þræðaranum.

Látið þræðarann nú ganga hægt til baka og alla leið upp. Tvinninn kemur nú sem lykkja í gegn um nálaraugað og hægt er að draga endann í gegn.



Þræðing á tvíburanál

Setjið tvíburanál í nálarhölduna.


Setjið annað tvinnakefli á vélina með því að nota auaka keflispinnann.

Í vinstri þræðiraufinni (11) sjáið þið disk í yfirtvinnaspennunni C. Þegar þið þræðið tvinnana niður eftir þessari rauf verður að aðgæta að sitt hvor tvinninn fari sitt hvoru megin við diskinn í yfirtvinnaspennunni.

Haldið áfram og þræðið eins og venjulega en aðgætið að tvinnarnir flækist ekki saman.

Togið tvinnana að lokum í sitt hvora lykkjuna fyrir ofan nálarhölduna (24) og þræðið síðan í sitt hvora nálina.

Ath: Ekki er hægt að nota innbyggða þræðarann fyrir tvíburanál.




Undirtvinnanum náð upp




Slökkvið á vélinni.

Lyftið saumfætinum - haldið í yfirtvinnann og snúið handhjólinu fram á við þar til nálin hefur farið niður og kemur upp aftur með undirtvinnann sem lykkju á yfirtvinnanum. Togið undirtvinnann upp.




Tvinnarnir undir fótinn

Lokið lokinu yfir gríparanum og leggið yfir og undirtvinnann undir fótinn til vinstri.



Tvinnahnífur

Rennið báðum endunum aftan frá og fram á við í tvinnahnífinn (12) sem er staðsettur aftan til á armlokinu. .





Fótlyftir

Fótlyftirinn (19) er staðsettur aftan til á vélinni og með honum er hægt að lyfta saumfætinum og setja hann niður.



Skipt um saumfót



Slökkvið á vélinni.

Setjið nálina í efstu stöðu. Þrýstið ofan á saumfótinn að aftan og lyftið honum aðeins upp að framan og við það dettur hann af fóthöldunni (14).



Saumfótur settur á fóthölduna

Lækkið fótlyfti (19) og færið fótinn þannig undir fóthöldunni (14) að tittirnir á fætinum falli í raufarnar á höldunni.

Athugið hvort fóturinn situr rétt með því að lyfta honum nokkrum sinnum með fótlyftinum. .

Innbyggði efri flytjarinn

(Vélar 1538 og 1548)

Til að sauma saman þykk, hál og jafnvel einnig þunn en erfið efni býður PFAFF upp á frábærlega góða lausn:

EFRI FLYTJARANN: Þegar hann er settur í samband flytur vélin efnin ekki aðeins að neðan heldur einnig að ofan. Vélina klemmir efnin saman eins og í töng og þar með geta þau ekki misfærst. Þetta er einnig mjög gott á þunn efni eins og silki og ýmiss gerviefni, en flytjarinn kemur í veg fyrir að þessi efni rykkist.



Efri flytjarinn settur í samband

ATHUGIÐ! Alla fætur sem eru með rauf að aftan er hægt að nota með efri flytjaranum.

Lyftið saumfætinum og ýtið efri flytjaranum (17) niður þar til hann smellur í samband.




Efri flytjarinn tekinn úr sambandi

Takið um efri flytjarann (17) með tveimur fingrum þar sem hann er rifflaður - ýtið lauslega á hann niður á við og takið hann úr rauf fótans um leið. Fer hann þá sjálfur í sína efri stöðu.



Rendur og kaflar standast á þegar efri flytjarinn er notaður og efnin misfærast ekki.






Skipt um nál



Slökkvið á vélinni.

Nálin fjarlægð: Setjið saumfótinn niður og setjið nálina í efstu stöðu. Losið um festiskrúfuna (18) og fjarlægið nálina.

Nálin sett í: Setjið nýja nál þannig að flati leggurinn A snúi aftur og ýtið henni eins hátt og hún kemst. Haldið nálinni fastri og herðið nálaraskrúfuna (18).




Yfirtvinninn stilltur

Stillið yfirtvinnaspennuna (10) miðað við örna.

Viðmiðunarstillingar gætu verið á 4-5 fyrir venjulega sauma.

Fyrir ístopp, hnappagöt og skrautsauma gætu viðmiðunarstillingarnar verið á móts við 2 og 3.



Flytjarinn tekinn úr sambandi

Fyrir suma sauma verður að taka flytjarann úr sambandi t.d. þegar verið er að sauma bútasaum fríhendis, þegar verið er að stoppa í, festa tölur á flíkur eða þegar verið er að hreinsa vélina.

Lyftið saumfætinum áður en þið takið flytjarann úr sambandi. Opnið síðan lokið yfir gríparanum og ýtið stilli C til hægri.


Stillir fyrir sporbreidd

Með þessum stilli 26) er hægt að stilla á mismunandi sporbreidd. Gætið þess að nálin sé ekki ofan í efninu þegar þessu er breytt.

Grunnstilling: Snúið stillinum (26) yfir að táknuinu ► (sem er hámarks sporbreidd)

Undantekning: Beint spor verður að sauma með þessa stillingu á 0.

Í kafla 2 "Nytjasaumar og ráðleggingar" finnið þið uppástungur okkar um hentugustu stillingu á sporbreidd fyrir hvern saum fyrir sig. Þið getið einnig breytt sporbreiddinni á meðan saumað er.




Stillir fyrir nálarstöðu

Fyrir utan nálarstöðu í miðjunni ◯ er hægt að velja um 14 aðrar nálarstöður með því að snúa stillinum fyrir nálarstöðurnar (27) til vinstri eða hægri.

Lengsta nálarstaða til vinstri er gefin til kynna með táknuinu ◯ og er stillinum þá snúið eins langt og hann kemst til hægri. Lengsta nálarstaða til hægri er gefin til kynna með táknuinu ◯ og er stillinum þá snúið eins langt og hann kemst til vinstri. Athugið að breyta ekki þessum stillingum ef nálin er ofan í efninu.

Ath: Ef þið hafið valið hægri nálarstöðu getið þið einnig notað sporbreiddarstillinn (26) til að auka eða minnka sporbreiddina til vinstri. Það sama gildir einnig ef þið veljið vinstri nálarstöðu.





Afturábak saumur

Vélin saumar afturábak eins lengi og þessum takka(20) er haldið niðri.




Sporlengdarstillir

Með þessum stilli (21) getið þið ákvarðað sporlengdina á milli 0 og 6mm.



Á svæðinu milli 0 og 1 finnið þið tákn með hnappagati. Á þessu svæði er auðvelt að stilla á hentugasta sporþéttleikann fyrir hnappagöt og skrautsauma.

Þeim mun nær sem stillirinn er færður að 0 þeim mun þéttari verða sporin.




Teygjanlegir saumar (dökkur bakgrunnur) Fyrir teygjanlegu saumana verður að snúa stillinum eins langt og hann kemst yfir á gráa svæðið.

Val á saumum, Hraðval

Nytjasaumar

Hverjum saum hefur verið gefinn bókstafur sem þið finnið á hnöppunum. Einfaldlega með því að ýta á viðkomandi hnapp, saumar vélin þann saum. Með takka B er hægt að losa um alla takka sem hafa verið valdir.


Innan á felliloki vélarinnar eru einnig myndir af öllum nytjasaumunum og einnig saumum þar sem saumum hefur verið blandað saman.



Teygjanlegir saumar

Allir saumar sem eru sýndir með dökkum bakgrunni eru teygjanlegir saumar. Þ.e.a.s. þeir henta vel fyrir teygjanleg efni. Ýtið á viðkomandi saum og snúið síðan sporlengdarstillinum (21) yfir á dökka svæðið fyrir teygjanlegu saumana.

Með hnapp B er svo hægt að losa um alla þá takka sem hafa verið valdir.




Nytjasaumum og teygjanlegum saumum blandað saman

Með því að ýta samtímis á tvo eða fleiri hnappa er hægt að blanda saman saumum á nytjasaumssvæðinu.

Sporlengdarstillirinn getur hvort sem er verið á venjulega svæðinu eða svæðinu fyrir teygjanlegu saumana.

Hægt er að skoða allar þessar samblandanir innan á felliloki vélarinnar. Hægt er að losa um takka sem hafa verið valdir með því að ýta á hnapp B.



A close-up photograph of a white Pfaff sewing machine with a blue stripe and the brand name 'PFAFF' in white. The machine is sewing a piece of vibrant blue fabric. The needle and foot are visible, stitching the material. A semi-transparent white box with rounded corners is overlaid on the machine's body, containing the text '2. Nytjasaumar'.

PFAFF

2. Nytjasaumar



Fullkomin spenna



Efri spenna of mikil



Efri spenna of laus


Tvinnaspenna fyrir yfirtvinna

Til að ná fullkomnum saumaárangri verður að stilla bæði yfir og undirtvinnaspennurnar rétt. Venjulega grunnstillingin fyrir nytja-sauma er á bilinu 4-5.

Þrófið spennurnar ávallt með breiðu zik zak spori. Tvinnarnir eiga að hnýttast á milli tveggja laga af efnum.

Ef yfirtvinnaspennan er of stíf, þá koma hnútar upp á réttuna. Ef hún er of laus þá koma hnútar niður á rönguna.

Stillingum á yfirtvinnaspennunni er lýst nánar á bls. 1:15.



Stungusaumar

Beint spor G er hægt að sauma og hafa nálarstöðuna á 15 mismunandi vegu og því er oftast hægt að láta saumfótinn renna meðfram brún efnisins og hafa hann sem viðmiðun fyrir fjarlægðina frá brúninni. Nálarstaðan er ákvörðuð með stillinum fyrir hana. Ef þið viljið sauma stungusauminn fjær jaðrinum er einnig hægt að nota viðmiðunarlínurnar á stingplötunni sem stýringu eða nota jaðarstýringuna (8) sem fylgir vélinni. Henni er stungið í gatið A og haldið fastri með festiskrúfu B.



Byrjað að sauma á þykkum jaðri

Til að geta byrjað að sauma út við jaðarinn á þykkum jaðri er gott að setja jafnþykkann bít undir saumfótinn að aftan, þannig að vélin eigi auðveldara með að byrja á svona erfiðum stað.




	spor					
1548	G	0	2,5	●	3-5	0/1
1538	G	0	2,5	●	3-5	0/1
1528	G	0	2,5	-	3-5	0/1

Beint spor

Saumur G er venjulegt beint spor. Hægt er að lengja sporlengdina upp í 6 mm.

Nálarstöðunni er hægt að breyta t.d. þegar verið er að sauma rennilása eða stinga nálægt brúnum. Hægt er að velja um 15 mismunandi nálarstöður (sjá bls. 1:16).

Aðgætið að nálin sé í efstu stöðu þegar nálarstaðan er færð til.



	spor					
1548	G	2-►	1-2	●	3-5	0/1
1538	G	2-►	1-2	●	3-5	0/1
1528	G	2-►	1-2	-	3-5	0/1

Zik zak spor

Auk overlockspora er zik zak spor G með saumbreidd 5 ►, mjög hentugt til að kasta sauma á hinum ýmsu efnum. Þegar slíkt er gert er efnið eingöngu látið liggja undir miðjum saumfætinum.



Þegar jaðarinn er kastaður ber að gæta þess að nálin á að stinga til skiptis í efnið og út fyrir jaðarinn á því.

Breiddin fyrir kastsauma getur verið alveg niður í 2 mm.

Þegar verið er að kasta brúnir á erfiðum efnum getur verið betra að nota blindaumsfótinn nr. 3. Þegar þið saumið fer tvinninn út fyrir pinna C, sem kemur í veg fyrir að jaðarinn herpist saman.

Jaðarinn er látinn renna meðfram stýringu B. og hægt er að færa hana til með skruðu A.

Áriðandi: Þegar blindaumsfóturinn er notaður fyrir kastsauma með zik zak spori, notið þið hægri sporlegu. Veljið saumbreidd á bilinu 3-5 mm. (notið ekki aðra sporlegustillingu).



	spor					
1548	D/H	5-▶	1-2	●	3-5	0/3
1538	D/H	5-▶	1-2	●	3-5	0/3
1528	D/H	5-▶	1-2	-	3-5	0/3

Blindföldunarspor

Blindföldunarsporið H hentar vel fyrir ósýnilega falda; og þið þurfið ekki að sauma þá í höndunum lengur. Spor H hentar fyrir meðalþykk ullarefni, en ef um teygjanleg efni er að ræða er betra að nota saum D.

- Kastið jaðarinn á efninu
- Brjótið efnið inn í hentuga faldbreidd.
- Brjótið faldinn til baka þannig að jaðar efnisins standi ca. 1 cm út frá aldinum.
- Leggið faldinn nú þannig undir fótinn og látið brotlínu hans renna meðfram stýringu B.
- Snúið nálarstöðuhappnum 27 og veljið nálarstöðu til hægri
- Þegar nálin kemur niður vinstra megin í fald efnisins má hún aðeins stinga í einn þráð efnisins.


Teygjanlegt blindföldunarspor

Spor D er blindföldunarspor fyrir teygjanleg efni. Faldurinn er saumaður og jaðarinn kastaður um leið.


Munið!

Ef sporin sjást á réttunni þarf að færa stýringuna B en það er gert með stilliskrúfunni A.


Ráð: Ef þið veljið að sauma blindsaumsspor H eða spor D með sporbreidd minni en 5, þá er betra að nota fót nr. 0.



Spor D



Spor H



	spor					
1548	M	5- ▶	1-2,5	●	3-5	0/1
1538	M	5- ▶	1-2,5	●	3-5	0/1
1528	M	5- ▶	1-2,5	-	3-5	0/1

	spor					
1548	M	5- ▶	0,2-1,5	●	3-5	0/1
1538	M	5- ▶	0,2-1,5	●	3-5	0/1
1528	M	5- ▶	0,2-1,5	-	3-5	0/1

Teygjanlegur sauður

Þessi sauður er bæði mjög sterkur og teygjanlegur og hentar því vel til að sauða teygjur á sundfatnað, pils og undirfatnað.

- Deilið jaðrinum á flíkinni og teygjunni í fjóra jafna hluta.
- Festið teygjuna með tituprjónum á hvern fjórðung.
- Setjið teygjuna og efnið undir saumfótinn.
- Teygið á teygjunni þannig að hún henti hverjum fjórðung og saumið hana fasta.

Ath: Þegar þið strekkið á teygju þá þarf að halda við hana bæði fyrir framan og aftan saumfótinn.

Stoppað í með teygjanlega saumnum


Það er mjög gott að nota þennan saum til að gera við smágöt, rifur og skemmd svæði.

- Saumið yfir skemmda svæðið með nokkrum röðum af sporinu og gætið þess að sporin nái ávallt inn á sporin í næsta saum á undan.

Hvað eru overlock spor ?

Í select vélunum eru nokkrar gerðir af overlock sporum, en þau henta mjög vel á teygjanleg efni. Með þeim er hægt að sauma efnin saman og ganga frá jöðrunum í einum og sama saumnum. Þau teygjast meira en aðrir saumar, eru sterk og fljótlegt er að sauma þau.

Ráð: Við mælum með því að þið notið blindsaumsfótinn nr. 3. Hann stýrir efninu vel og pinninn á honum kemur í veg fyrir að jaðarinn herpist saman, jafnvel á breiðum saumum. Munið einnig eftir því að færa rauða merkið á honum í hægri stöðu. Það stýrir efnisbrúnninni.



	spor					
1548	I	5-►	Stretch	●	3-5	0/3
1538	I	5-►	Stretch	●	3-5	0/3
1528	I	5-►	Stretch	-	3-5	0/3

Lokað overlock spor

Lokaða overlock sporið hentar vel til að sauma saman jersey prjón. Hentar einnig til að sauma stroff og hálsmál.

Ráð: Gætið þess að teygja á stroffinu um leið og þið saumið það við ermína.

Munið !

Ef þið veljið aðra saumbreidd en 5 ► þá gætið þess að nálin strjúkist ekki við saumfótinn 3.

	spor					
1548	K	5-►	Stretch	●	3-5	0/3
1538	K	5-►	Stretch	●	3-5	0/3
1528	K	5-►	Stretch	-	3-5	0/3

Opið overlock spor

Með þessum saum er mjög gott að sauma þykkari efni og efni þar sem jaðarinn raknar ekki mikið.

Ráð: Gætið þess að nálin saumi hægra megin við efnið og út fyrir jaðarinn en stingi ekki ofan í það.


Skeljasaumur

Skeljasaumur er fallegur á þunn og mjúk efni eins og silki og batist.

Hann er oft notaður sem skraut jaðarsaumur á undirfatnað.


Þeim mun stífari sem nálastvinnaspennan er, þeim mun dýpri verða fellingarnar.

- Kastið jaðar efnisins og strauðið faldinn niður á rönguna.
- Gætið þess að efnið sé aðeins undir helming saumfótarins þegar þið saumið. Það eykur á fallegt útlit saumsins.



	spor					
1548	K	4,5	1,5	●	4-5	0/1
1538	K	4,5	1,5	●	4-5	0/1
1528	K	4,5	1,5	-	4-5	0/1

Ráð: Með því að sauma litaðan ullarþráð eða grófan baðmullarþráð inn í sauminn styrkir það skeljasauminn og gefur honum um leið fallegra útlit. Einnig er hægt að nota þunnt efni í öðrum lit í stað þráðanna. Leggið þráðinn einfaldlega upp við brot-brúnina á jaðrinum og látið zik zak sveifluna á sporinu ná í grófa þráðinn og búa til skeljarnar.



Hnappagöt


Það er mjög auðvelt að sauma hnappagöt því eingöngu þarf að ýta á takkana og ekki þarf að snúa efninu eins og þurfti áður fyrr.

Hnappagöt eru yfirleitt saumuð á tvöfalt efni. En fyrir mjög þunn efni eins og t.d. silki, organdy, eða viscose efni er nauðsynlegt að nota undirlegg til að fyrirbyggja að efnin herpist saman.

Til að hnappagötin verði falleg er nauðsynlegt að nota finan útsaums eða stopptvinna.

Merkið fyrir byrjuninni á hnappagatinu annaðhvort með merkipinna eða tituprjón, og munið að sauma prufuhnappagat á afgangsbúta af sama efni.

Ath: Áður en þið byrjið á hnappagati togið þið stýringuna á hnappagatafætinum fram á við eins og hægt er, þannig að rauða örín sé á móts við fyrstu rauðu línuna. Rauðu strikin eru með 0,5 mm millibili, og eru til viðmiðunar fyrir lengd hnappagatanna.



Opnið hnappagatið varlega með sprettihníf eða oddmjóum skærum. Notið tituprjóna við endana.




	spor					
1548	CBA	5-▶		○		0/1
1538	CBA	5-▶		○		0/1
1528	CBA	5-▶		○		0/1

Venjuleg hnappagöt

- Setjið hnappagatafótinn á vélina og rennið honum fram á við eins langt og hann kemst.
- Veljið saum 1 (C) og saumið hægri legg hnappagatsins í rétta lengd. Klippið byrjunarendann eftir nokkur spor.
- Veljið saum 2 (B) og haldið takkanum niðri á meðan þið saumið sporin fyrir fyrri eftinguna.
- Veljið saum 3 (A) og saumið seinni legginn þar hann er jafnlangur þeim fyrri.
- Veljið saum 4 (B) og haldið takkanum niðri meðan þið saumið sporin fyrir seinni heftinguna.
- Sleppið takka B og saumið nokkur bein spor til að festa endana.
- Opnið hnappagatið varlega á milli leggjana.

Ráð: Fyrir hnappagöt á mjög fín efni er hægt að mjókka breidd hnappagatsins með sporbreiddartakkanum (26) niður í ca. 3 mm. Notið sporlegu í miðju




Venjulegt hnappagat með undirleggsþræði

Til að sauma sterk og endingargóð hnappa-göt á þykkari efni, þrjón eða sportfatnað er mælt með því að setja undirleggsþráð undir hnappagötin.

Undirleggsþráðurinn er alveg ómissandi fyrir hnappagöt á þrjón til að ekki teygist á þeim.

- Krækið undirleggsþræðinum yfir aftari tittinn A á fætinum og klemmið hann síðan undir fótinn að framan.
- Klemmið þræðina síðan í klemmurnar B til vinstri og hægri.
- Rennið stýringunni á fætinum fram á við eins langt og hún kemst og saumið hnappagatið eins og lýst er fyrir select vélarnar.
- Togið lykkjuna á undirleggsþræðinum



	spor					
1548	G	4	-	○	2-3	-
1538	G	4	-	○	2-3	-
1528	G	4	-	-	2-3	-


Töluáfesting

Með zik zak saum G (saumbreidd 4 mm) er hægt að festa tveggja og fjögurra gata tölur. .

- Fjarlægið saumfótinn og takið flytjarann úr sambandi.
- Snúið handhjólina fram á við og færið töluna þannig til að nálin stingi ofan í vinstra gatið á henni.
- Lækkið fótlyftuna; fótaldan heldur tölunni á sínum stað.
- Saumið nokkur spor til að festa töluna. Gætið þess að nálin stingi örugglega ofan í hægra gatið á tölunni.

Frágangur

- Veljið beint spor með því að snúa sporbreiddartakkanum (26) á 0.
- Breytið nálarstöðunni með nálarstöðutakkanum (27) þannig að nálin stingi í annaðhvort gatið á tölunni.
- Saumið nú nokkur festispor til að saumurinn rakni ekki.



	spór					
1548	G	0	3	●	3-5	0/1
1538	G	0	3	●	3-5	0/1
1528	G	0	3	-	3-5	0/1

Földun með tvíburanál

Notið tvíburanál til að falda á fallegan hátt.

Með tvíburanálum er hægt að falda teygjan-leg efni eins og T-boli, þunnt prjón o.fl. á mjög auðveldan og fallegan hátt.




Tvíburnálur er hægt að fá með mismunandi nálar millibili. Hentugasta bilið fyrir földun og stungur er 4 mm. Athugið að velja alltaf nálarstöðu í miðju svo önnur nálin rekist ekki í stingplötuna .

- Byrjið á að brjóta og strauja faldinn eins og hann á að verða.
- Saumið síðan yfir faldinn á réttunni.
- Að síðustu klippið þið umfram efnið frá á röngunni.

Notið eingöngu "stretch"-nálar fyrir teygjanleg efni.

Ráð: Á erfðum efnum eins og á þunnum garðapriónsefnum er ráðlagt að þræða faldinn áður en hann er saumaður.

Á bls. 1:11 er lýst hvernig þræða á tvíbura-nálar.



	stitch					
1548	G	-	-	○	2-3	6
1538	G	-	-	○	2-3	Optional
1528	G	-	-	-	2-3	Optional

Fríhendis saumur

Setjið stoppfótinn á vélina:

Losið um sknúfu D. Setjið nálina í efstu stöðu og þrýstið pinnanum á stoppfætinum inn í gatið C á fótöldunni. Um leið og þetta er gert þarf að gæta þess að stýrigaffall G verður að fara utan um fótstöngina. Armur E verður að vera fyrir aftan nálarfestisknúfuna F. Herðið sknúfu D.

Fríhendis staða á fótlyfti:

Lækkið fótlyftuna (A) og þrýstið aðeins á hana aftur á bak. Við það fellur fótlyftan í hakið (B) í raufinni fyrir fótlyftuna. Það er staðan fyrir fríhendissauma.

- Takið flytjarann úr sambandi.
- Veljið annaðhvort beint spor eða zik zak.
- Saumið með jöfnum hreyfingum og hraða um leið og þið færið efnið með höndunum.




Rennilásar

Um er að ræða mismunandi aðferðir til að sauma rennilása, og við mælum með því að þið farið eftir þeim leiðbeiningum sem fylgja sniðinu sem þið eruð að nota. Fyrir pils mælum við með huldum rennilás og fyrir buxur, hálfhulinn. Við mælum einnig með því að þið notið málmlása fyrir sterkari efni eins og denim, en fyrir öll önnur efni er í lagi að nota plastlása.


Það er nauðsynlegt að sauma mjög nálægt tönnum lásanna. Og þess vegna er hægt að setja rennilásafótinn á vélina hvort sem er vinstra eða hægri megin á fóthölduna.

Þið getið stillt nálina þannig að hún stingi niður nálægt tönnum lásanna með því að nota einhverja af þeim 15 nálarstöðum sem eru í vélinni. Ef fóturinn er hægri megin má að sjálfsögðu eingöngu færa nálina til hægri og svo öfugt ef hann er vinstra megin.

	spor					
1548	G	0	3	●	3-5	4
1538	G	0	3	●	3-5	4
1528	G	0	3	-	3-5	4




Vinstri staða á rennilásafæti



Hægri staða á rennilásafæti

Hulinn rennilás

- Setjið fótinn hægra megin á fóthölduna.
- Þræðið lásinn á efnið og setjið hann síðan undir saumfótinn þannig að tennurnar á honum renni þétt upp við fótinn.
- Saumið um það bil helminglengd lássins og látið nálina vera ofan í efninu, lyftið saumfætinum og lokið lásnunum.
- Nú getið þið haldið áfram og lokið við að sauma þessa hlið á lásnunum og fyrir endann á honum.



- Saumið nú seinni hlið lássins og með sömu fjarlægð.
- Stöðvið eftir að hafa saumað um helming lengdina og látið nálina vera ofan í efninu. Lyftið saumfætinum og opnið rennilásinn.
- Síðan getið þið lokið við að sauma lásinn.



Földun

Með rúllufaldsfætinum er hægt að falda blússuefni, silklæður o.þ.h. á auðveldan hátt og án þess að strauja brúnirnar áður. Faldurinn kemur í veg fyrir að það rakni úr jöðrunum og endingargóður frágangur er árangurinn.

- Brjótið nokkra sentímetra af jaðrinum tvisvar um í ca. 2mm brot.
- Setjið faldinn undir fótinn og saumið nokkur spor.
- Látið nálina standa í efninu, lyftið saumfætinum og togið efnið inn í földunarjárn fótansins.
- Lækkið fótinn og stýrið nú jaðrinum inn í fótinn um leið og saumað er. Gætið þess að jaðri efnisins sé stýrt inn í vinstri brún földunarjárnsins.

Athugið að ekkert efni fari undir hægri brún fótansins.



	spor					
1548	G	0	3	○	3-5	7
1538	G	0	3	○	3-5	
1528	G	0	3	-	3-5	



Ráð: Einnig er hægt að ná fram fallegri áferð á þunn teygjanleg efni með því að nota mjótt zik zak spor.



A close-up photograph of a white Pfaff sewing machine with blue accents. The machine is shown from a side-front perspective, with the needle and foot assembly positioned over a piece of blue fabric. A person's hand is visible on the left, guiding a piece of red fabric under the needle. The machine has a blue label with the 'PFAFF' logo in white. A white cable is plugged into the front of the machine. The background is a plain white surface.

PFAFF

3. Umhirða og gangtrufla- nir

Skipt um stingplötu



Slökkvið á vélinni

Það er nauðsynlegt að hreinsa vélina með reglulegu millibili og hún mun launa ykkur það með betri endingu. Þeim mun oftar sem vélin er notuð, þeim mun oftar þarf að hreinsa hana.

Stingplatan fjarlægð:

- Lyftið fætinum og fjarlægið hólfið fyrir fylgihlutina.
- Þrýstið endanum á litlu skrufjárnri í raufina undir stingplötunni eins og sýnt er á myndinni.

Þrýstið stingplötunni upp - fyrst hægra megin og síðan vinstra megin.

Stingplatan sett á:

- Setjið stingplötuna jafnt aftari brúninni á opinu og þrýstið henni síðan niður að framan þar til smá smellur heyrir. Aðgætið áður en byrjað er að sauma að nálin fari örugglega niður um gatið á stingplötunni.





Hreinsun



Slökkvið á vélinni.

- Fjarlægið stingplötuna og takið flytjarann úr sambandi.
- Hreinsið í kring um gríparasvæðið og flytjarann með bursta.





Skipt um peru



Slökkvið á vélinni.

- Takið snúruna frá mótstöðunni einnig úr vélinni.
- Takið vinnuborðið af vélinni (15).

Peran er staðsett fremst í vélinni nálægt yfirtvinnaspennunni.

Peran fjarlægð:

- Haldið um saumavélina.
- Þrýstið perunni inn í perustæðið eins langt og hægt er.
- Snúið perunni um leið hálfan snúning rangsælis og fjarlægið hana.

Ný pera sett í :

- Stingið perunni inn í skáhallandi perustæðið og gætið þess að báðir takkar perunnar fari inn í perustæðið.
- Þrýstið á peruna og snúið henni réttsælis þar til hún situr rétt.

Ath: Ef þið fáðið ykkur peruskiptinn (fæst sem aukahlutur) er auðveldara að skipta um peruna.

Áriðandi !

Hámarks wattafjöldi perunnar má ekki vera meiri en 15 wött!

Gangtruflanir

Vélin hleypur yfir

Nálin er ekki rétt sett í vélina.	Setjið nálina eins hátt og hún kemst.
Röng nál er í vélinni.	Notið nálar teg. 130/705 H.
Nálin er bogin eða oddlaus.	Setjið nýja nál í vélina.
Vélin er ekki rétt þrædd.	Yfirfarið þræðinguna.
Nálin er of fín fyrir tvinnann.	Notið grófari nál.

Yfirtvinninn slitnar

Sjá hér að ofan.	Sjá að ofan.
Tvinnaspennan er of stíf.	Stillið tvinnaspennuna.
Slæmur eða hnökraður tvinni og jafnvel orðinn of þurr af of langri geymslu.	Notið aðeins gæðatvinna.
Tvinninn er of grófur.	Notið nál með stærra auga (Tegund 130 N).

Nálin brotnar

Nálin er ekki fest nógu hátt uppi.	Skiptið um nál og setjið hana alveg upp.
Nálin er bogin.	Setjið nýja nál í vélina.
Nálin er of gróf eða of fín.	Setjið nýja nál í vélina.
Nálin er bogin og hefur rekist í stingplötuna vegna þess að togað er í efnið.	Látið vélina flytja efnið - stýrið efninu bara.

Saumurinn er ójafn

Tvinnaspennan er vanstillt.	Athugið yfirtvinnaspennuna.
Tvinninn er of grófur, hnökraður eða harður.	Notið aðeins gæðatvinna.
Ójafnt er spólað á spóluna.	Spólið aldrei fríhendis - alltaf í gegn um spólaraspennuna.

Vélin flytur illa eða óreglulega

Óhreinindi föst á milli flytjaratannanna.

Fjarlægið stingplötuna og síðan óhreinindin á milli tannaraðanna.

Flytjarinn er niðri. renniloka A er hægra megin (sjá bls. 1:15).

Ýtið renniloku til vinstri (sjá bls. 1:15).

Vélin gengur erfiðlega

Tvinnaendar hafa festst í gríparanum.

Fjarlægið tvinnaendana.

Áríðandi !


Áður en þið skiptið um saumfætur eða nálar, er ráðlegt að slökkva á vélinni.

Látið þrædda véla aldrei byrja að sauma nema að efni sé undir saumfætinum.

Ef þið yfirgefið vélina - jafnvel í stuttan tíma - gleymið þá ekki að slökkva á henni. Þetta er mjög áríðandi þar sem börn eru til staðar.

Við áskiljum okkur rétt til að breyta hönnun vélarinnar og þeim fylgihlutum sem fylgja henni og það án fyrirvara.

Slíkar breytingar munu hins vegar ávallt verða viðskiptavinum okkar til hagræðis.



VSM Group AB • SE-561 84 Huskvarna • SWEDEN www.pfaff.com
 PFAFF hf. - Grensásvegi 13 - Reykjavík - ÍSLAND www.pfaff.is